ÁKÆRA

Saksóknari við embætti sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008 *gjörir kunnugt:*

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur

Steingrími Birki Björnssyni, kennitala 270666-6719, Lómasölum 41, Kópavogi,
Leifi Erni Gunnarssyni, kennitala 211178-4779, Baugakór 14, Kópavogi,
Stefáni Inga Valssyni, kennitala 111167-5599, Bakkaseli 35, Reykjavík,
Ragnari Má Amazeen, kennitala 160654-3689, Seljugerði 9, Reykjavík,
Gunnari Emil Sigurðssyni, kennitala 300190-2789, Ljósabergi 40, Hafnarfirði,
Stefáni Árna Einarssyni, kennitala 281060-4309, Lindarflöt 38, Garðabæ,
Kristjáni Jóni Ágústssyni, kennitala 050140-2299, Hraunbæ 18, Reykjavík,
Gísla G. Jóhannssyni, kennitala 230350-7369, Austurströnd 6, Seltjarnarnesi,
Guðmundi Loftssyni, kennitala 041247-2589, Viðarrima 23, Reykjavík,
Kenneth Breiðfjörð, kennitala 270177-4259, Gnoðarvogi 24, Reykjavík,
Júlíusi Þór Sigurþórssyni, kennitala 270662-4129, Vallartröð 2, Kópavogi,
Kristni Einarssyni, kennitala 150256-7399, Kirkjuteigi 17, Reykjavík, og
Guðmundi Þór Jóhannessyni, kennitala 280673-5289, Grenigrund 18,
Kópavogi,

fyrir eftirtalin brot gegn samkeppnislögum:

I.

Verðsamráð starfsmanna Byko og Húsasmiðjunnar á árunum 2010 og 2011

Á hendur ákærðu Steingrími Birki, sem framkvæmdastjóra fagsölusviðs Byko, Leifi Erni, sem verslunarstjóra timbursölu Byko, Stefáni Inga, sem sölustjóra fagsölusviðs Byko, Ragnari Má, sem starfsmanni í timbursölu Byko, Gunnari Emil, sem sölumanni í timbursölu Byko, Stefáni Árna, sem framkvæmdastjóra vörustýringarsviðs Húsasmiðjunnar, Kristjáni Jóni, sem sölumanni í þjónustuveri Húsasmiðjunnar, Gísla, sem sölumanni í timbursölu Húsasmiðjunnar, og Guðmundi, sem starfsmanni í þjónustuveri Húsasmiðjunnar, fyrir verðsamráð í framangreindum störfum sínum fyrir Byko og Húsasmiðjuna, á tímabilinu frá 13. september 2010 til 3. mars 2011, með skipulagðri upplýsingagjöf um verð og tilboðskjör sérgreindra grófvörutegunda, einkum bygginga- og timburvara, í símtölum milli starfsmanna fyrirtækjanna, sem var til þess fallið að hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu og önnur viðskiptakjör innan umræddra fyrirtækja. Verðsamráðið var af hálfu starfsmanna Byko viðhaft að undirlagi og/eða samkvæmt fyrirmælum ákærðu Steingríms Birkis, Leifs Arnar og Stefáns Inga en af hálfu starfsmanna Húsasmiðjunnar að undirlagi og/eða samkvæmt fyrirmælum ákærða Stefáns Árna. Um var að ræða eftirfarandi tilvik:

1) Verðsamráð 13. september 2010
Í símtali er stóð yfir í 25 mínútur og 8 sekúndur, frá klukkan 10:28, veitti ákærði Kristján Jón meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 105 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:50, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „Verðkönnun 13 sept 2010.xlsx" en skjalið hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Kristjáni Jóni ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

2) Verðsamráð 23. september 2010
Í símtali er stóð yfir í 17 mínútur og 48 sekúndur, frá klukkan 10:41, veitti ákærði Gísli meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 105 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:46, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „verðkönnun 23 sept 2010.xlsx" en skjalið hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Gísla ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

3) Verðsamráð 30. september 2010
Í tveimur símtölum er stóðu annars vegar yfir í 4 mínútur og 21 sekúndu, frá klukkan 9:43, og hins vegar 10 mínútur og 59 sekúndur, frá klukkan 9:48, veitti ákærði Gísli meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 105 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:47, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „verðkönnun 30 sept 2010.xlsx" en skjalið hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Gísla ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

4) Verðsamráð 8. október 2010
Í símtali er stóð yfir í 18 mínútur og 18 sekúndur, frá klukkan 10:25, veitti ákærði Gísli meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 105 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Steingrím Birki og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:45, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „verðkönnun 0810 2010.xlsx" en skjalið hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Gísla ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

5) Verðsamráð 15. október 2010
Í símtali er stóð yfir í 20 mínútur og 16 sekúndur, frá klukkan 9:41, veitti ákærði Gísli meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 103 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:08, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „Verðkönnun frumskjal.xlsx" en skjalið hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Gísla. Sama dag, klukkan 11:50, sendi ákærði Ragnar Már tölvubréf til hinna sömu. Í texta þess tölvubréfs segir eftirfarandi: *„Leiðrétt"*. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „verðkönnun 15.10.2010.xlsx" en um var að ræða sambærilegt skjal og sent hafði verið fyrr sama dag og hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Gísla ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

6) Verðsamráð 22. október 2010
Í símtali er stóð yfir í 19 mínútur og 20 sekúndur, frá klukkan 10:26, veitti ákærði Gísli meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 103 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:50, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „VERÐKÖNNUN 22 OKT 2010.xlsx" en skjalið hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Gísla ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

7) Verðsamráð 29. október 2010
Í símtali er stóð yfir í 15 mínútur og 30 sekúndur, frá klukkan 9:07 veitti ákærði Gísli meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 103 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 10:21, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „Verðk. 29, 10 2010.xlsx" en skjalið hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Gísla ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

8) Verðsamráð 4. nóvember 2010
Í símtali er stóð yfir í 15 mínútur og 54 sekúndur, frá klukkan 15:01, veitti ákærði Gísli meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 103 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærða Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 15:43, með því að senda honum tölvubréf. Í texta tölvubréfsins ritaði ákærði Ragnar Már eftirfarandi texta: *„Ekki fengust uppgefin verð frá Múrbúðinni"*. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „04 NOV. 2010.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Gísla ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

Ákærði Leifur Örn upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Steingrím Birki um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 15:43, með því að senda þeim tölvubréf. Með tölvubréfinu fylgdi sama viðhengi og með tölvubréfi meðákærða Ragnars Más sem hafði að geyma verðupplýsingar fyrir 103 sambærilegar vörutegundir hjá Byko og Húsasmiðjunni.

9) Verðsamráð 19. nóvember 2010
Í símtali er stóð yfir í 30 mínútur og 50 sekúndur, frá klukkan 9:50, veitti óþekktur starfsmaður Húsasmiðjunnar ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 103 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:18, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „19 NOV. 2010 VERÐK.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá hinum óþekkta starfsmanni Húsasmiðjunnar, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

10) Verðsamráð 25. nóvember 2010
Í símtali er stóð yfir í 15 mínútur og 25 sekúndur, frá klukkan 15:01, veitti óþekktur starfsmaður Húsasmiðjunnar ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 103 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 16:29, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „25 nov. 2010.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá hinum óþekkta starfsmanni Húsasmiðjunnar, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

11) Verðsamráð 2. desember 2010
Í símtali er stóð yfir í 15 mínútur og 8 sekúndur, frá klukkan 11:07, veitti ákærði Gísli meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 103 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:36, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „2.desember 2010.xlsx" en skjalið hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Gísla ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

12) Verðsamráð 10. desember 2010
Í símtali er stóð yfir í 14 mínútur og 13 sekúndur, frá klukkan 10:31, veitti ákærði Gísli meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 103 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:09, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „10 des 2010.xlsx" en skjalið hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Gísla ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

13) Verðsamráð 16. desember 2010
Í símtali er stóð yfir í 20 mínútur og 10 sekúndur, frá klukkan 10:59, veitti ákærði Gísli meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 107 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 15:17, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið 16. des 2010.xlsx" en skjalið hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Gísla ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

14) Verðsamráð 12. janúar 2011
Í símtali er stóð yfir í 29 mínútur og 13 sekúndur, frá klukkan 15:38, veitti ákærði Kristján Jón meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 103 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærða Stefán Inga um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 16:46, með því að senda honum tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „Copy of 10 des 2010.xlsx" en skjalið hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Kristjáni Jóni ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

15) Verðsamráð 21. janúar 2011
Í símtali er stóð yfir í 23 mínútur og 54 sekúndur, frá klukkan 10:39, veitti óþekktur starfsmaður Húsasmiðjunnar ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 103 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærða Stefán Inga um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:23, með því að senda honum tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „vk.21-01 2011.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá hinum óþekkta starfsmanni Húsasmiðjunnar, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

16) Verðsamráð 28. janúar 2011
Í símtali er stóð yfir í 49 mínútur og 12 sekúndur, frá klukkan 10:31, veittu ákærðu Ragnar Már og Guðmundur hvor öðrum upplýsingar um verð og tilboðskjör Byko og Húsasmiðjunnar allt að 103 vörutegunda.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Steingrím Birki, Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:58, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „28 jan 2011.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Guðmundi, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

17) Verðsamráð 4. febrúar 2011
Í símtali er stóð yfir í 37 mínútur og 58 sekúndur, frá klukkan 8:45, veittu ákærðu Ragnar Már og Guðmundur hvor öðrum upplýsingar um verð og tilboðskjör Byko og Húsasmiðjunnar á 103 vörutegundum.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Steingrím Birki, Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 10:03, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „4 februar 2011.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Guðmundi, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

18) Verðsamráð 10. febrúar 2011
Í símtali sem stóð yfir í 32 mínútur og 14 sekúndur, frá klukkan 11:21, veittu ákærðu Ragnar Már og Guðmundur hvor öðrum upplýsingar um verð og tilboðskjör Byko og Húsasmiðjunnar á 103 vörutegundum.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Steingrím Birki og Stefán Inga um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 13:14, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „verðkonnun 10 feb. 2011.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Guðmundi, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

Ákærði Guðmundur upplýsti meðal annars meðákærða Stefán Árna um framangreindar verðupplýsingar með því prenta út skjal, daginn eftir, en skjalið hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Ragnari Má, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Húsasmiðjunni.

19) Verðsamráð 18. febrúar 2011
Í símtali er stóð yfir í 24 mínútur og 50 sekúndur, frá klukkan 9:25, veittu ákærðu Ragnar Már og Guðmundur hvor öðrum upplýsingar um verð og tilboðskjör Byko og Húsasmiðjunnar allt að 103 vörutegunda.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Steingrím Birki og Stefán Inga um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 10:29, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „18 FEB 2011.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Guðmundi, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

20) Verðsamráð 28. febrúar 2011
Í símtali er stóð yfir í 24 mínútur og 15 sekúndur, frá klukkan 15:19, veitti ákærði Gísli meðákærða Gunnari Emil upplýsingar um verð og tilboðskjör 97 vörutegunda hjá Húsasmiðjunni. Þá aflaði Gunnar Emil, í sama símtali, upplýsinga um sex vörutegundir til viðbótar frá Gunnari Þorsteinssyni, starfsmanni í þjónustuveri Húsasmiðjunnar, og aflaði því samtals upplýsinga um 103 vörutegundir.

Ákærði Gunnar Emil upplýsti meðákærða Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 16:08, með því senda honum tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „28 febrúar 2011 verðkönnun.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið í umræddu símtali, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

21) Verðsamráð 3. mars 2011
Í símtali er stóð yfir í 17 mínútur og 41 sekúndu, frá klukkan 11:22, veitti ákærði Gísli meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að 103 vörutegundir hjá Húsasmiðjunni sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Steingrím Birki og Stefán Inga um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 16:59, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „03 Feb. 2011.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Gísla, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

II.

Verðsamráð starfsmanna Byko og Úlfsins byggingarvara á árunum 2010 og 2011

Á hendur ákærðu Steingrími Birki, sem framkvæmdastjóra fagsölusviðs Byko, Leifi Erni, sem verslunarstjóra timbursölu Byko, Stefáni Inga, sem sölustjóra fagsölusviðs Byko, Ragnari Má, sem starfsmanni í timbursölu Byko, og Guðmundi Þór, sem starfsmanni hjá Úlfinum byggingarvörum (hér eftir Úlfurinn), fyrir verðsamráð í framangreindum störfum sínum fyrir Byko og Úlfinn, á tímabilinu frá 15. október 2010 til 17. febrúar 2011, með skipulagðri upplýsingagjöf um verð og tilboðskjör sérgreindra grófvörutegunda, einkum bygginga- og timburvara, í símtölum milli starfsmanna fyrirtækjanna, sem var til þess fallið að hafa áhrif á verð, afslátt, álagningu og önnur viðskiptakjör innan umræddra fyrirtækja. Verðsamráðið var af hálfu starfsmanna Byko viðhaft að undirlagi og/eða samkvæmt fyrirmælum ákærðu Steingríms Birkis, Leifs Arnar og Stefáns Inga. Um var að ræða eftirfarandi tilvik:

1) Verðsamráð 15. október 2010

Í símtali er stóð yfir í 18 mínútur og 27 sekúndur, frá klukkan 10:11, veitti óþekktur starfsmaður Úlfsins ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að níu vörutegundir hjá Úlfinum sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:08, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „Verðkönnun frumskjal.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá hinum óþekkta starfsmanni Úlfsins, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

Sama dag, klukkan 11:50, sendi ákærði Ragnar Már tölvubréf til hinna sömu. Í texta þess tölvubréfs segir eftirfarandi: *„Leiðrétt"*. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „verðkönnun 15.10.2010.xlsx" en um var að ræða sambærilegt skjal og sent hafði verið fyrr sama dag og hafði meðal annars að geyma verðupplýsingar fyrir níu sambærilegar vörutegundir hjá Byko og Úlfinum.

2) Verðsamráð 20. október 2010

Í símtali er stóð yfir í 1 mínútu og 4 sekúndur, frá klukkan 14:38, veitti óþekktur starfsmaður Úlfsins ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að níu vörutegundir hjá Úlfinum sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, tveimur dögum síðar, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „VERÐKÖNNUN 22 OKT 2010.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá hinum óþekkta starfsmanni Úlfsins, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

3) Verðsamráð 29. október 2010

Í símtali er stóð yfir í 17 mínútur og 32 sekúndur, frá klukkan 9:32, veitti óþekktur starfsmaður Úlfsins ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að níu vörutegundir hjá Úlfinum sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 10:21, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „Verðk. 29, 10 2010.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá hinum óþekkta starfsmanni Úlfsins, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

4) Verðsamráð 4. nóvember 2010
Í símtali er stóð yfir í 11 mínútur og 9 sekúndur, frá klukkan 15:19, veitti óþekktur starfsmaður Úlfsins ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að tíu vörutegundir hjá Úlfinum sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærða Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 15:43, með því að senda honum tölvubréf. Í texta tölvubréfsins ritaði ákærði Ragnar Már eftirfarandi texta: *„Ekki fengust uppgefin verð frá Múrbúðinni"*. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „04 NOV. 2010.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá hinum óþekkta starfsmanni Úlfsins, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

Ákærði Leifur Örn upplýsti meðákærðu Steingrím Birki og Stefán Inga um framangreindar verðupplýsingar klukkan 15:57, með því að áframsenda þeim tölvubréf meðákærða Ragnars Más. Með tölvubréfinu fylgdi sama viðhengi og með tölvubréfi ákærða Ragnars Más.

5) Verðsamráð 19. nóvember 2010
Í símtali er stóð yfir í 2 mínútur og 17 sekúndur, frá klukkan 11:00, veitti óþekktur starfsmaður Úlfsins ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að tíu vörutegundir hjá Úlfinum sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:18, með því að senda þeim tölvubréf. Í texta tölvubréfsins segir meðal annars eftirfarandi: *„Óbreitt* [svo] *verð hjá Úlfinum"*. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „19 NOV. 2010 VERÐK.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá hinum óþekkta starfsmanni Úlfsins, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

6) Verðsamráð 2. desember 2010
Í símtali er stóð yfir í 6 mínútur og 1 sekúndu, frá klukkan 11:00, veitti óþekktur starfsmaður Úlfsins ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að tíu vörutegundir hjá Úlfinum sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 11:36, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „2.desember 2010.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá hinum óþekkta starfsmanni Úlfsins, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

7) Verðsamráð 16. desember 2010
Í símtali er stóð yfir í 4 mínútur og 43 sekúndur, frá klukkan 14:20, veitti ákærði Guðmundur Þór meðákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að tíu vörutegundir hjá Úlfinum sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 15:17, með því að senda þeim tölvubréf. Í texta tölvubréfsins segir meðal annars eftirfarandi: *„Óbreitt* [svo] *verð hjá Úlfinum, talaði við Guðmund"*. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „Verðkönnun 16. des 2010.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Guðmundi Þór, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

8) Verðsamráð 12. janúar 2011
Í símtali er stóð yfir í 12 mínútur og 3 sekúndur, frá klukkan 16:10, veitti óþekktur starfsmaður Úlfsins ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að tíu vörutegundir hjá Úlfinum sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærða Stefán Inga um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 16:46, með því að senda honum tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „Copy of 10 des 2010.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá hinum óþekkta starfsmanni Úlfsins, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

9) Verðsamráð 21. janúar 2011
Í símtali er stóð yfir í 4 mínútur og 20 sekúndur, frá klukkan 11:05, veitti óþekktur starfsmaður Úlfsins ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um allt að níu vörutegundir hjá Úlfinum sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um.

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærða Stefán Inga um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 16:46, með því að senda honum tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „vk.21-01 2011.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá hinum óþekkta starfsmanni Úlfsins, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

10) Verðsamráð 4. febrúar 2011
Í símtali er stóð yfir í 10 mínútur og 35 sekúndur, frá klukkan 9:25, veitti ákærði Guðmundur Þór ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um níu vörutegundir hjá Úlfinum sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um, með þeim orðum að „þetta" væri „allt óbreytt".

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Steingrím Birki, Stefán Inga og Leif Örn um framangreindar verðupplýsingar, klukkan 10:03, með því að senda þeim tölvubréf. Í viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „4 februar 2011.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Guðmundi Þór, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

11) Verðsamráð 17. febrúar 2011
Í símtali er stóð yfir í 9 mínútur og 11 sekúndur, frá klukkan 14:57, veitti ákærði Guðmundur Þór ákærða Ragnari Má verðupplýsingar um níu vörutegundir hjá Úlfinum sem ákærði Ragnar Már spurðist sérstaklega fyrir um, með þeim orðum að „þetta er allt við það sama".

Ákærði Ragnar Már upplýsti meðákærðu Steingrím Birki og Stefán Inga um framangreindar verðupplýsingar daginn eftir með því að senda þeim tölvubréf. Í

viðhengi tölvubréfsins var skjal sem bar heitið „18 FEB 2011.xlsx" en skjal það hafði að geyma verðupplýsingarnar sem hann hafði fengið hjá meðákærða Guðmundi Þór, ásamt upplýsingum um verð sambærilegra vörutegunda hjá Byko.

III.

Hvatning til verðsamráðs milli Húsasmiðjunnar og Byko 16. og 23. febrúar 2011

1) Á hendur ákærða Kenneth, sem vörustjóra timbursölu Húsasmiðjunnar, fyrir að hvetja til verðsamráðs, sem hafði það að markmiði eða af því leiddi að komið yrði í veg fyrir samkeppni eða henni yrði raskað milli Byko og Húsasmiðjunnar og þannig, beint eða óbeint, haft áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör fyrirtækjanna, með því að hafa 16. febrúar 2011, í símtali er stóð yfir í liðlega 1 mínútu, frá klukkan 8:10, beðið samstarfsmann sinn, Guðmund Loftsson, starfsmann í þjónustuveri Húsasmiðjunnar, að koma tilteknum upplýsingum um grófvörur Húsasmiðjunnar til Ragnars Más Amazeen, starfsmanns í timbursölu Byko, ef hann myndi hafa samband. Fram kom hjá ákærða Kenneth að Guðmundur ætti að beina því til Ragnars Más „að fá hann bara til þess að hringja á morgun upp á, af því að þá getum við bara klárað listana og [...] hækkað". Var hér átt við mögulegt símtal í tengslum við verðkönnun og gerð verðkönnunarlista fyrir grófvörur. Þá kom eftirfarandi fram hjá ákærða Kenneth í umræddum samtali: *„Þá tekur það gildi á morgun. Þú getur þá bara sagt honum að við séum í verðhækkunum og það er eiginlega ekkert að marka það sem þú segir honum í dag en [...] gætir sagt honum það bara á morgun."* Loks kom fram í símtalinu að Guðmundur ætlaði að koma þessum skilaboðum til Ragnars Más, myndi hann hafa samband, með þeim orðum að hann ætlaði að láta hann „bara vita það".

2) Á hendur ákærða Stefáni Árna, sem framkvæmdastjóra vörustýringarsviðs Húsasmiðjunnar, fyrir að hvetja til verðsamráðs, sem hafði það að markmiði eða af því leiddi að komið yrði í veg fyrir samkeppni eða henni yrði raskað milli Byko og Húsasmiðjunnar og þannig, beint eða óbeint, haft áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör fyrirtækjanna, með því að hafa 23. febrúar 2011, í símtali er stóð yfir í 2 mínútur og 54 sekúndur, frá klukkan 16:21, beðið samstarfsmann sinn, Kenneth Breiðfjörð, vörustjóra timbursölu Húsasmiðjunnar, að koma upplýsingum um verðbreytingar hjá Húsasmiðjunni til Byko með því að láta Guðmund Loftsson, starfsmann í þjónustuveri Húsasmiðjunnar, koma umræddum upplýsingum til starfsmanns Byko, með þeim orðum að „Guðmundur láti þetta fréttast þá með hina vöruflokkana sem við vorum að breyta núna" og „hann þarf bara að fá eiginlega að vita bara hvað var búið að breyta á undan líka þannig að hann geti sagt þeim bara frá því". Var hér átt við ýmsar vörutegundir Húsasmiðjunnar en tilefni framangreinds símtals var það að Kenneth hringdi í ákærða Stefán Árna til þess að gleðja hann „óheyrilega mikið" með því að tilkynna honum um að Byko væri búið að hækka verð á tilteknum grófvörum, að minnsta kosti „græna efnið", „heflaða efnið", „fimmta flokkinn" og „styrktarflokkaða".

IV.

Verðsamráð og hvatning til verðsamráðs milli Byko og Húsasmiðjunnar í tengslum við tilboðsgerð o.fl. 28. febrúar 2011

1) Á hendur ákærðu Steingrími Birki, sem framkvæmdastjóra fagsölusviðs Byko, og Júlíusi Þór, sem vörustjóra timburdeildar Húsasmiðjunnar, fyrir verðsamráð og hvatningu til verðsamráðs, er hafði það að markmiði eða af því leiddi að komið yrði í

veg fyrir samkeppni eða henni yrði raskað milli Byko og Húsasmiðjunnar, og þannig, beint eða óbeint, haft áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör fyrirtækjanna við tilboðsgerð á grófvörum almennt, með því að hafa 28. febrúar 2011, í símtali sem stóð yfir í 11 mínútur og 11 sekúndur, frá klukkan 10:55, rætt sín á milli um tilboðsmál fyrirtækjanna, þar sem ákærði Steingrímur Birkir upplýsti meðákærða Júlíus Þór meðal annars um hvernig hann myndi haga tilboðsgerð Byko í grófvörum og þar sem ákærðu hvöttu hvor annan til þess að stuðla að því að Byko og Húsasmiðjan myndu ekki stunda samkeppni, svo sem hér greinir í útdrætti símtalsins:

> Ákærði Steingrímur Birkir upplýsti meðákærða Júlíus Þór að hann stjórnaði öllum tilboðsmálum hjá Byko, „alla vega varðandi grófu vöruna". Fram kom hjá ákærða Steingrími Birki að „þetta" væri „komið bara í algjört bull sko". „Þetta eru orðin hjaðningavíg ef þetta heldur svona áfram," kom fram hjá ákærða Steingrími Birki. Undir þetta tók meðákærði Júlíus Þór með þeim orðum: *„þetta verður bara hjaðningavíg."*
>
> Ákærði Steingrímur Birkir upplýsti meðákærða Júlíus Þór um að hann væri búinn að ræða við „Bigga Friðjóns" og myndi núna, „frá og með bara sko morgundeginum. Þá mun ég ýta öllu upp. Öllu. Alveg sama hvað það er og það verður. Ég mun handstýra allri tilboðsgerð núna í heilan mánuð þangað til að, af því sko...". Ákærði Júlíus Þór svaraði meðal annars með þeim orðum: *„þetta eru hjaðningavíg. [...] Við erum að blæða báðir tveir" og „við erum bara að drepa hvern* [svo] *annan."* Fram kom enn fremur hjá ákærða Júlíusi Þór að „við lifum þetta ekki af ef við ætlum að halda þessu áfram sko".
>
> Eftirfarandi kom meðal annars fram hjá ákærða Steingrími Birki: *„Nei, ég ætla mér sem sagt að hækka núna, bara handvirkt, tilboð. Alveg sama hvað er. Þetta verður allt sent inn til mín til hérna... til, skal ég segja þér, yfirferðar. Ég, Biggi Friðjóns og Stebbi Vals munum fara yfir öll þessi tilboð. [...] Ég ætla að hækka allt um 2% lágmark."*
>
> Ákærði Steingrímur Birkir upplýsti því næst meðákærða Júlíus Þór um hann ætlaði „sem sagt að draga núna upp um 2%, allt, bara „komplet"". Fram kom hjá ákærða að hann gæti ekki „tölusett það nákvæmlega".
>
> Því næst kom fram hjá ákærða Steingrími Birki að hann ætlaði að viðhafa ákveðna hegðun á markaði þegar kæmi að Akureyri og Selfossi, með eftirfarandi orðum: *„Það sem ég ætla með Akureyri sérstaklega og líka Selfoss, það er að ég ætla mér að draga þetta upp meira þar í tilboðsgerðinni og þeir verða bara undir þeim skipunum og ef þeir ekki hlýða mér og ef ég fæ ekki tilboðin og þeir klára þetta ekki eins og ég vil, þá hérna, fá menn hérna, skriflega áminningu og síðan geta þeir bara kysst starfið sitt bless."*
>
> Hvatti ákærði Steingrímur Birkir meðákærða Júlíus Þór til þess að beita áhrifum innan Húsasmiðjunnar, með eftirandi orðum: *„Ég hvet þig bara, Júlíus, til þess að beita einhverjum áhrifum þarna innanborðs."* Þá kom fram hjá ákærða Steingrími Birki að „eftir nokkra daga þá bara sjáið þið það að við erum búnir að færa okkur til og hérna". Þessu svaraði meðákærði Júlíus Þór þannig að

Húsasmiðjan hefði einnig „verið að hækka sjálfir undanfarið vegna þess að við erum búnir að fá á okkur alveg hellings hækkanir". Kom fram hjá ákærða Steingrími Birki að Byko hefði „verið að fylgja ykkur eftir þar". „Aldrei þessu vant höfum við verið dálítið á eftir ykkur, finnst mér sko. Eða þið dregið vagninn þar sko, skulum við segja," kom jafnframt fram hjá ákærða Steingrími Birki í þessu samhengi.

Fram kom hjá ákærða Júlíusi Þór að Húsasmiðjan væri að fara inn í „háseasonið" þar sem þeir þyrftu „að fá tekjurnar okkar og við megum ekki missa þetta frá okkur núna. Auðvitað munum við slást en við eigum að slást bara á eðlilegum nótum". Ákærði Steingrímur Birkir tók undir þetta og sagði „við þurfum að hækka „levelið" þar sem við erum að slást". Fram kom hjá meðákærða Júlíusi Þór að hann væri þessu „alveg sammála".

Ákærði Steingrímur Birkir upplýsti meðákærða Júlíus Þór því næst um að hann hefði hugsað sér „að gera þetta í tvisvar sinnum 2% núna". Eftirfarandi kom enn fremur fram hjá ákærða Steingrími Birki: *„Byrja í 2% núna og svo aftur 2% eftir 2-3 vikur og ég ætl... og ég vona að þið merkið þetta og... og hérna... og einhvern veginn svona."* „Já, ég skal sjá til þess að við fylgjum þessu eftir," kom fram hjá meðákærða Júlíusi Þór.

Því næst upplýsti ákærði Steingrímur Birkir meðákærða Júlíus Þór að Húsamiðjan væri að „bjóða alveg svakalega og eruð að ná ofnapökkum núna". Eftirfarandi kom orðrétt fram hjá ákærða Steingrími Birki: *„En, ég held ég... mér sé óhætt að segja er að þú ert sko... þið eruð svo langt frá okkur að það er ekki heilbrigt fyrir ykkur. Við er... Við erum að tala um að... að... að... Við höfum fengið að sjá þrjú tilboð núna... og það munar meira heldur en 10% á okkur og mestu munaði á einu tilboði og það var 18% munur á því sem að við vorum að bjóða og þið. Þið er... Þið verðið að hugsa ykkar gang þarna."* Þessu svaraði ákærði Júlíus Þór með eftirarandi orðum: *„Já, ég skal skoða það."*

Þá ræddu ákærðu um „græna efnið" og mikilvægi þess að missa það ekki „niður í rusl". Eftirfarandi kom fram hjá ákærða Júlíusi Þór í því sambandi: *„Og þess vegna er náttúrulega líka mjög mikilvægt að menn séu ekki sko að... að jarða sig fyrir „seasonið" sko, fara með verðin einhvers staðar... niður í svaðið áður en... og... og halda því svo yfir „seasonið". Það er ekkert hægt. Við verðum að lyfta okkur upp núna, sko."* Fram kom hjá ákærða Steingrími Birki að þetta væri „geggjun, algjör". Undir það tók meðákærði Júlíus Þór sem sagðist mundu koma „þessu áfram á rétta staði".

Ákærði Steingrímur Birkir upplýsti meðákærða Júlíus Þór um það hvenær hann hygðist hrinda „þessu" í framkvæmd, með eftirfarandi orðum: *„Hérna ég... eins og ég segi, ég byrja á þessu í fyrramálið og ég mun ekki hleypa einu einasta tilboði í gegn í... Og þetta á ekki bara við um grófu vöruna. Ég ætla mér að, eins og ég segi, Biggi mun vinna þetta með mér og hann mun stýra þessu líka í...hvað á ég að segja, þú veist, eins og við köllum valvöruna og það allt saman."*

Ákærði Steingrímur Birkir áréttaði því næst við meðákærða Júlíus Þór að „þessu" yrði „bara handstýrt núna". Meðákærði Júlíus Þór svaraði því með eftirfarandi ummælum: *„Já, það þýðir ekkert annað."* Lauk ákærði Steingrímur Birkir samtalinu með eftirfarandi ummælum: *„Þannig að þið verðir varir við þetta og vonandi, eins og ég segi, tekst okkur að gera lífið... örlítið bærilegra heldur en það er í dag, sko."*

Ákærði Júlíus Þór lauk fyrir sitt leyti samtalinu með eftirfarandi ummælum: *„Já, já. Heyrðu, Steingrímur minn. Ég þakka þér bara fyrir og ég mun koma þessum upplýsingum áfram."*

Ákærði Júlíus Þór upplýsti samstarfsmenn sína, Kristin Einarsson, framkvæmdarstjóra verslanasviðs Húsasmiðjunnar, og Ólaf Þór Júlíusson, framkvæmdastjóra heildsölusviðs Húsasmiðjunnar, hinn sama dag um símtalið milli hans og Steingríms Birkis, þar sem að minnsta kosti var upplýst um að staða Byko í þungavöru og tilboðsgerð væri orðin þannig, einkum á Akureyri og Selfossi, að hækka ætti framlegð og minnka afslætti um tvisvar sinnum 2%. Enn fremur var rætt um „græna efnið" í því samhengi að frekari samkeppni með þær vörur mætti ekki „endurtaka sig".

2) Á hendur ákærða Kristni, sem framkvæmdastjóra verslanasviðs Húsasmiðjunnar, fyrir hlutdeild í verðsamráði, er hafði það að markmiði eða af því leiddi að komið yrði í veg fyrir samkeppni eða henni yrði raskað milli Byko og Húsasmiðjunnar, og þannig, beint eða óbeint, haft áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör fyrirtækjanna við tilboðsgerð á grófvörum almennt, með því að hafa 28. febrúar 2011, í símtali sem stóð yfir í 16 mínútur og 7 sekúndur, frá klukkan 14:33, upplýst Sigurð Arnar Sigurðsson, forstjóra Húsasmiðjunnar, um framangreint símtal milli Júlíusar Þórs Sigurþórssonar, starfsmanns Húsasmiðjunnar, og Steingríms Birkis Björnssonar, starfsmanns Byko. Samkvæmt símtalinu upplýsti ákærði Kristinn Sigurð Arnar um að Júlíus Þór hefði upplýst hann og Ólaf Þór Júlíusson, starfsmann Húsasmiðjunnar, um að Steingrímur Birkir hefði gefið Júlíusi Þór „hint um það" að staða Byko á Akureyri og Selfossi í „þungavöru og tilboðsbransanum við Húsasmiðjuna, sé orðin þannig" að Steingrímur Birkir ætlaði að „taka öll tilboð inn til sín á þessum tveimur stöðum með það að markmiði að hækka framlegðina og minnka afslættina um tvisvar sinnum 2% á einum mánuði". Fram kom hjá ákærða Kristni að hann og Ólafur Þór hefðu beðið Júlíus Þór að „segja ekki nokkrum öðrum manni frá þessu". Fram kom í samtalinu að bæði Kristinn og Sigurður Arnar voru sammála um að Akureyri og Selfoss væru þeir staðir þar sem mesta samkeppnin væri, sbr. ummæli Kristins á þá leið að það væru „staðirnir sem við höfum verið að berjast mest við þá á". Þá kom fram að framlegð á þessum stöðum hefði verið þokkaleg þar til Húsasmiðjan hefði farið að „djöflast" í Byko og „þá hrynur þetta". Fram kom hjá ákærða Kristni að Júlíus Þór hefði notað tækifærið og farið að ræða „græna efnið" og „að þetta mætti nú ekki endurtaka sig". Þá kom fram hjá ákærða Kristni og Sigurði Arnari að þetta væri „fínt". Loks kom fram hjá ákærða Kristni að „þeir séu að fara upp með timbrið" og að þetta sé „náttúrulega skýringin á „framlegðardroppinu" okkar í mjög mörgum vöruflokkum í nýbyggingarflokkunum," og undir það tók Sigurður Arnar.

V.

Tilraunir starfsmanna Byko og Húsasmiðjunnar við að koma á samráði við starfsmann Múrbúðarinnar 15. október 2010

1) Á hendur ákærða Ragnari Má, sem sölumanni í timbursölu Byko, fyrir tilraun til verðsamráðs, er hafði það að markmiði eða af því leiddi að komið yrði í veg fyrir samkeppni eða henni yrði raskað milli Byko og Múrbúðarinnar og þannig, beint eða óbeint, reynt að hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör fyrirtækjanna með sérgreindar grófvörutegundir, með því að hafa 15. október 2010, í símtali sem stóð yfir í 4 mínútur og 34 sekúndur, frá klukkan 8:44, reynt að fá starfsmann Múrbúðarinnar til þess að skiptast á upplýsingum um vöruúrval og verðupplýsingar á grófvörum þeim sem Múrbúðin hafði til sölu í verslun sinni að Smiðjuvegi í Kópavogi. Var þess beiðst að upplýsingar þessar yrðu veittar munnlega.

2) Á hendur ákærða Kenneth, sem vörustjóra í timbursölu Húsasmiðjunnar, fyrir tilraun til verðsamráðs, er hafði það að markmiði eða af því leiddi að komið yrði í veg fyrir samkeppni eða henni yrði raskað milli Húsasmiðjunnar og Múrbúðarinnar og þannig, beint eða óbeint, reynt að hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör fyrirtækjanna með sérgreindar grófvörutegundir, með því að hafa 15. október 2010, í símtali sem stóð yfir í 3 mínútur og 43 sekúndur, frá klukkan 8:55, reynt að fá starfsmann Múrbúðarinnar, til þess að skiptast á upplýsingum um vöruúrval og verðupplýsingum á grófvörum þeim sem Múrbúðin hafði til sölu í verslun sinni að Smiðjuvegi í Kópavogi. Var þess beiðst að upplýsingar þessar yrðu veittar munnlega.

3) Á hendur ákærða Júlíusi Þór, sem vörustjóra Húsasmiðjunnar, fyrir tilraun til verðsamráðs, er hafði það að markmiði eða af því leiddi að komið yrði í veg fyrir samkeppni eða henni yrði raskað milli Húsasmiðjunnar og Múrbúðarinnar og þannig, beint eða óbeint, reynt að hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör fyrirtækjanna með sérgreindar grófvörutegundir, með því að hafa 15. október 2010, í símtali er stóð yfir í 2 mínútur og 16 sekúndur, frá klukkan 10:45, reynt að fá starfsmann Múrbúðarinnar, til þess að skiptast á upplýsingum um vöruúrval og verðupplýsingum á grófvörum þeim sem Múrbúðin hafði til sölu í verslun sinni að Smiðjuvegi í Kópavogi. Var þess beiðst að upplýsingar þessar yrðu veittar munnlega og sérstaklega tiltekið að ekki ætti að senda þær með tölvupósti.

VI.

Heimfærsla til refsiákvæða

Brot samkvæmt I. kafla ákæru

Brot ákærðu teljast varða við a. lið 2. mgr. 41. gr. a, sbr. 1. mgr., samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 4. gr. laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 52/2007, sbr. a. lið 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr., laga nr. 44/2005.

Brot samkvæmt II. kafla ákæru

Brot ákærðu teljast varða við a. lið 2. mgr. 41. gr. a, sbr. 1. mgr., samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 4. gr. laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 52/2007, sbr. a. lið 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr., laga nr. 44/2005.

Brot samkvæmt III. kafla ákæru

Brot ákærðu teljast varða við a. lið 2. mgr. 41. gr. a, sbr. 1. mgr., samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 4. gr. laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 52/2007, sbr. a. lið 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr., laga nr. 44/2005.

Brot samkvæmt IV. kafla ákæru
Brot ákærðu Steingríms Birkis og Júlíusar Þórs samkvæmt lið 1) teljast varða við a. og d. lið 2. mgr. 41. gr. a, sbr. 1. mgr., samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 4. gr. laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 52/2007, sbr. a. lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 44/2005.

Brot ákærða Kristins samkvæmt lið 2) telst varða við a. lið 2. mgr. 41. gr. a, sbr. 1. mgr., samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 4. gr. laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 52/2007, sbr. a. lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 44/2005, sbr. 6. mgr. 41. gr. a sömu laga, sbr. 4. gr. laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 52/2007, sbr. 4. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot samkvæmt V. kafla ákæru
Brot ákærðu teljast varða við a. lið 2. mgr. 41. gr. a, sbr. 1. mgr., samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 4. gr. laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 52/2007, sbr. a. lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 44/2005, sbr. 6. mgr. 41. gr. a sömu laga, sbr. 4. gr. laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 52/2007, sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VII.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008

1. Almennt um ákæruefni
Í máli þessu er ákært fyrir brot gegn samkeppnislögum nr. 44/2005, ásamt áorðnum breytingum. Sakarefni málsins eru aðallega verðsamráðsbrot og tilraunir til verðsamráðsbrota, einkum við verðupplýsingagjöf á grófvörum sem eru einkum bygginga- og timburvörur. Hin brotlega háttsemi var drýgð að frumkvæði starfsmanna Byko við framkvæmd svonefndra verðkannana á grófvörum. Einkum var um að ræða upplýsingagjöf símleiðis af hálfu starfsmanna Húsasmiðjunnar og Úlfsins til starfsmanna Byko, en þegar á leið, frá lokum janúar 2011, varð sú upplýsingagjöf gagnkvæm.

Í köflum I og II er um að ræða framhaldsbrot. Afbrotin voru drýgð að undirlagi yfirmanna og/eða samstarfsmanna þeirra sem önnuðust hina verklegu framkvæmd af hálfu Byko og Húsasmiðjunnar. Um var að ræða samverknað við verðsamráð. Þá kemur fram í sönnunargögnum málsins að verðupplýsingar þær, sem aflað var, var miðlað áfram, þær hagnýttar innan fyrirtækjanna, og urðu þær grundvöllur að einstökum verðbreytingum á grófvörum. Á þetta einkum við um framkvæmd innan Byko.

Kaflar III og V í ákæru tengjast ákæruefnum í köflum I og II. Ákæruefni í VI. kafla ákæru sker sig nokkuð úr þrátt fyrir að umfjöllunarefni þar séu að einhverju marki grófvörur.

2. Almennt um 10. gr. samkeppnislaga

Samkeppnislög taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum opinberum aðilum eða öðrum, sbr. 1. mgr. 2. laganna. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga hefur að geyma hátternisreglur (efnisreglur) laganna sem leggja bann við samkeppnishamlandi aðgerðum fyrirtækja sem fela í sér samráð. Samkvæmt 2. tölul. 4. gr. samkeppnislaga er með fyrirtæki átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem stunda atvinnurekstur.

Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga samanstendur af tveimur málsgreinum. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er bann meðal annars lagt við samningum og samstilltum aðgerðum er hafa að markmiði eða af þeim leiði að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað. Ákvæði 2. mgr. hefur svo að geyma upptalningu á samráðsbrotum í stafaliðum a til e. Ákvæði a-liðar felur í sér bann við verðsamráði sem er einkum fólgið í samningum og samstilltum aðgerðum keppinauta um verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga skoðast með hliðsjón af 41. gr. a samkeppnislaga sem hefur að geyma refsiákvæði laganna við samráðsbrotum einstaklinga, þ. á m. verðsamráði, en ákvæðið hefur meðal annars að geyma tilvísun til 10. gr. laganna.

Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga er samhljóða 10. gr. eldri samkeppnislaga, nr. 8/1993, sem lögfest var með lögum nr. 107/2000 um breytingu á þágildandi samkeppnislögum, nr. 8/1993. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 107/2000 kemur meðal annars fram að lagt sé til að reglur samkeppnislaga verði færðar til samræmis við reglur sem giltu í EES-samkeppnisrétti. Þá kemur fram í greinargerðinni með frumvarpinu að fyrirmynd ákvæðisins sé sótt til 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og sé framkvæmd Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins, auk dómstóla EB og framkvæmdastjórnar ESB, leiðbeinandi við túlkun ákvæðisins eftir því sem við ætti um markaðsaðstæður hér á landi. Af þessu leiðir að stefnt var að því með lögum nr. 107/2000 að 10. gr. þágildandi samkeppnislaga yrði túlkuð til samræmis við fyrirmynd greinarinnar í Evrópurétti.

Ákvæði þau sem 10. gr. samkeppnislaga hefur að geyma eru talin ein þau þýðingarmestu í lögunum. Þeim er ætlað að tryggja að keppinautar hegði sér að öllu leyti sjálfstætt á markaði á þeim sviðum sem mestu máli skipta fyrir samkeppni. Kjarni þeirrar samkeppni er að fyrirtæki taki sjálfstæðar ákvarðanir um markaðshegðun sína og keppi þannig sín á milli. Þetta er meðal annars talið stuðla að lægra verði til neytenda, auknum gæðum og framförum almennt en þar að baki liggja þau almennu hagfræðilegu sannindi að samkeppni í viðskiptum efli hagvöxt. Ávinningi samkeppni er hins vegar stefnt í hættu ef fyrirtæki hafa samskipti eða samvinnu um framangreind atriði.

Háttsemi sem felur í sér brot gegn 10. gr. samkeppnislaga eru talin alvarleg afbrot. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 107/2000 kemur meðal annars fram að vart sé að finna alvarlegri samkeppnistakmarkanir en þegar fyrirtæki komi sér saman um verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör. Kemur þetta jafnframt fram í greinargerð með frumvarpi því er varð að samkeppnislögum nr. 8/1993. Kann slíkt samstarf að koma í veg fyrir verðsamkeppni eða takmarka hana verulega. Þá kemur fram í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 52/2007, um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, að breytingar þær er þar voru gerðar á refsiákvæðum

samkeppnilaga miðuðu að því að leggja einungis refsingar við þeim brotum á efnisreglum samkeppnislaga sem mestum skaða gætu valdið.

3. Samningar eða samstilltar aðgerðir samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga

Bann 10. gr. samkeppnislaga tekur meðal annars til samninga og samstilltra aðgerða sem lúta að verði, afslætti, álagningu eða öðrum viðskiptakjörum fyrirtækja. Samningur í skilningi 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga hefur verið skýrður rúmt innan samkeppnisréttar og t.d. verið talinn fyrir hendi þegar aðilar hans fylgja sameiginlegri áætlun, sem takmarkar eða er líkleg til að takmarka sjálfstæða hegðun þeirra á markaði með því að stuðla að sameiginlegum aðgerðum eða athafnaleysi. Talið hefur verið að slík áætlun þurfi ekki að vera heildstæð, tæmandi eða lýsa í smáatriðum þeim aðgerðum sem fyrirtæki ætla að grípa til. Hugtakið samningur í skilningi 1. mgr. 10. gr. getur þannig tekið til ófullkomins eða lauslegs sameiginlegs skilnings manna og skilyrtra og afmarkaðra samninga sem í samningaferli leiða til endanlegs samnings. Samningar geta enn fremur verið bæði láréttir og lóðréttir en hinir fyrsttöldu taka til fyrirtækja í beinni samkeppni og á sama stigi.

Samningur í skilningi 1. mgr. 10. gr. laganna getur jafnframt verið í hvaða formi sem er. Samningur hefur þannig verið talinn geta verið óundirritaður eða undirritaður, munnlegur eða skriflegur og þarf ekki að vera bindandi. Kemur þetta meðal annars fram í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 107/2000. Þá hefur verið talið að tilvist samnings geti birst í hegðun viðkomandi fyrirtækja, t.d. með reglulegum samskiptum um verðlagsmálefni. Loks hefur verið talið að um samning sé að ræða ef fyrirtæki hafa á einhvern hátt lýst yfir sameiginlegum vilja sínum til að hegða sér á markaði með tilteknum hætti.

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga er gerður greinarmunur á samningi og samstilltum aðgerðum. Með samstilltum aðgerðum er átt við að tvö eða fleiri fyrirtæki samræmi aðgerðir sínar, án þess að eiginlegur samningur sé gerður þar um. Talið hefur verið skilyrði að fyrirtæki sem um ræðir hafi átt með sér einhvers konar bein eða óbein samskipti, t.d. í formi fundahalda eða með því að skiptast á upplýsingum, og háttsemin hafi að markmiði eða af henni leiði samræmd markaðshegðun.

Tilgangur þessa er að fella undir bann ákvæðisins samráð milli keppinauta, sem ekki hefur náð því stigi að teljast til samnings í skilningi 1. mgr. 10. gr., er felur í sér að fyrirtæki hafi með sér samvinnu í stað þess að taka þá áhættu sem felst í því að keppa með sjálfstæðum hætti á markaði. Með því að lagt er bann við bæði samningum og samstilltum aðgerðum er samkeppnisreglum ætlað að taka til hvers konar samráðs keppinauta sem er til þess fallið að raska samkeppni.

Talið hefur verið að um samstilltar aðgerðir geti verið að ræða þótt keppinautar hafi ekki fallist á eða hegðað sér samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun. Við skýringu á því hvað felst í samráði sem fellur undir hugtakið samstilltar aðgerðir hefur verið talið að líta þurfi til þess grundvallaratriðis að í samkeppni í skilningi samkeppnisréttarins felist að hvert fyrirtæki fyrir sig verði að ákveða sjálfstætt hvernig það ætlar að hegða sér á markaði. Krafa þessi um sjálfstæði hefur ekki verið talin banna að fyrirtæki grípi til aðgerða vegna hegðunar eða hugsanlegrar hegðunar keppinauta á markaði. Á hinn bóginn liggur bann við hvers konar samskiptum milli keppinauta, beinum eða óbeinum, sem hafa það markmið eða af þeim leiði að reynt er að hafa áhrif á hegðun núverandi

eða væntanlegs keppinautar á markaði eða honum greint frá aðgerðum sem viðkomandi fyrirtæki ætlar að grípa til eða hugleiðir að grípa til.

Þá hefur verið talið að það kunni að fela í sér samstilltar aðgerðir í skilningi 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga þegar starfsmenn keppinauta á fundi, í símtali, í bréfi, í tölvupósti eða með öðrum hætti eiga viðræður eða skiptast á eða taka við upplýsingum um atriði sem hafa þýðingu fyrir verðákvörðun eða önnur atriði sem falla undir 2. mgr. greinarinnar. Samkvæmt því hefur verið talið að brotið sé gegn 10. gr. samkeppnislaga ef starfsmaður fyrirtækis tekur t.d. á móti upplýsingum um atriði sem falla undir 2. mgr. ef upplýsingar eru veittar og viðkomandi starfsmaður lætur ekki uppi nein mótmæli eða setur fram skýra fyrirvara þegar honum er látin vitneskjan í té.

Í samkeppnisrétti hefur ekki verið talið nauðsynlegt að flokka brot með þeim hætti að skilgreint sé nákvæmlega hvort tiltekin samskipti teljist annaðhvort vera samningur eða samstilltar aðgerðir. Hugtökin samningur og samstilltar aðgerðir eru samkvæmt framangreindu teygjanleg og geta skarast.

4. Nánar um verðsamráð

Eins og fyrr greinir er í 10. gr. samkeppnislaga lagt bann við verðsamráði. Í því felst meðal annars bann við samningum og samstilltum aðgerðum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni þannig að haft sé áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti.

Við mat á því hvað fellur undir það bann ber að árétta að 10. gr. samkeppnislaga krefst þess að fyrirtæki taki sjálfstæðar ákvarðanir um viðskiptastefnu sína. Verðsamkeppni er kjarni samkeppnisréttarins og gerir 10. gr. kröfu um fullkomið sjálfstæði um alla þætti verðlagningar. Hefur meðal annars verið talið að brotið sé gegn ákvæðinu ef starfsmenn fyrirtækja hafa verðsamráð um hvers konar atriði sem tengjast verðlagningu þeirra. Getur verðsamráð t.d. falist í viðræðum og hvers kyns upplýsingaskiptum um atriði sem tengjast verðlagningu. Ekki hefur verið talið að máli skipti þótt upplýsingaskipti milli keppinauta séu ekki gagnkvæm.

5. Áhrif af samráði

Brot gegn 10. gr. samkeppnislaga er ekki háð því að samráð hafi í raun haft áhrif á markaði. Kemur þetta meðal annars fram í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 107/2000, þar sem segir að ákvæði þágildandi 10. gr. samkeppnislaga geri ekki þá kröfu að hið ólögmæta samstarf hafi í raun haft áhrif á samkeppni. Hið sama gildir samkvæmt núgildandi 10. gr. samkeppnislaga. Að þessu leyti eru brot þau sem fela í sér samráð í skilningi 10. gr. samkeppnislaga samhverf þar sem þau lýsa verknað refsinæman án tillits til afleiðinga. Hefur nánar tiltekið verið litið svo á að engu máli skipti þótt samráðinu sé ekki hrint í framkvæmd á markaði eða að ekki sé sýnt fram á skaðleg áhrif af samningum eða samstillum aðgerðum fyrirtækja.

Þá verður að telja að sama regla gildi í íslenskum og gilt hefur í EES/ESB-samkeppnisrétti, að nægjanlegt sé að t.d. samráð hafi það að markmiði sínu að raska samkeppni alveg án tillits til áhrifa þess í raun. Með öðrum orðum hefur t.d. verið litið svo á að engu máli skipti þótt ekki sé sýnt fram á skaðleg áhrif af samstillum aðgerðum. Af þessu leiðir að mótbárur eins og að upplýsingaskipti hafi verið þýðingarlaus og engin áhrif haft á markaði hafa almennt ekki áhrif á refsinæmi brotsins.

6. Ákvæði 41. gr. a samkeppnislaga
Með lögum nr. 52/2007 um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, var gerð sú breyting að lögfest var núgildandi refsiákvæði laganna er tekur til refsiábyrgðar einstaklinga. Refsiákvæði það er í 41. gr. a laganna en ákvæðið hefur að geyma refsireglu og að einhverju marki hátternisreglur. Markmið lagabreytingar þessarar var meðal annars að afmarka nánar refsiábyrgð einstaklinga vegna brota á samkeppnislögum.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar varðar það fangelsi allt að sex árum hvern þann starfsmann eða stjórnarmann fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, sem framkvæmir, hvetur til eða lætur framkvæma samráð sem brýtur gegn 10. og/eða 12. gr. laganna og varðar þau atriði sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr. greinarinnar.

Í 2. mgr. 41. gr. a eru talin upp í stafliðum a til f samráðsbrot fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja á sama sölustigi á 10. eða 12. gr. laganna. Í a-lið er tilgreint samráð um verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör og í d-lið samráð um gerð tilboða.

Í 4. mgr. greinarinnar er að finna sérstaka skýringarreglu á hugtakinu samráð en þar segir að með samráði í greininni sé átt við samninga, samþykktir, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja.


Samkvæmt 6. mgr. greinarinnar er tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt greininni refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Er það átt við tilraun og hlutdeild samkvæmt III. kafla hinna almennu hegningarlaga.

Samkvæmt framangreindu er refsiábyrgð bundin við starfsmann eða stjórnarmann fyrirtækis sem framkvæmir, hvetur til eða lætur framkvæma samráð. Sú refsiábyrgð einskorðast við hátternisreglur þær sem fela í sér samráðsbrot og bannaðar eru samkvæmt samkeppnislögum. Er hér átt við háttsemi þá sem lýst er og/eða fellur undir 2. mgr. 41. gr. a og 10. gr. laganna.

7. Saknæmi samkeppnislagabrota
Samkeppnislög nr. 44/2005 hafa ekki að geyma fyrirmæli um saknæmi. Verður að telja að saknæmisreglan gildi hér en hún er talin grundvallarregla í íslenskum refsirétti. Í henni felst að verknaður sé saknæmur sé hann drýgður af ásetningi eða gáleysi. Nægir þar einfalt gáleysi.

Í þessu skyni þykir rétt að árétta að talið hefur verið innan samkeppnisréttar að hugtakið markmið samkvæmt 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga vísi ekki til huglægrar afstöðu þeirra sem standa að tilteknu samráði. Markmið, t.d. samnings, í skilningi samkeppnisréttarins er þess í stað fundið með því að leggja hlutlægt mat á efni og eðli viðkomandi ráðstafana. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að 10. gr. samkeppnislaga gerir ekki þá kröfu að sýnt sé fram á ásetning til þess að raska samkeppni og ákvæðið bannar því samráð alveg án tillits til þess hvaða orsakir eða tilgangur kunni að liggja því til grundvallar.

Skrifstofu embættis sérstaks saksóknara í Reykjavík, 23. apríl 2014,



Björn Þorvaldsson saksóknari.